

EFTIRLITSSKÝRSLA



Terra (Gámaþjónusta Norðurlands) Rangárvöllum, Akureyri

Dags eftirlits	5.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Terra (Gámaþjónusta Norðurlands)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Rangárvöllum	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4812871039	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Pálsson	ÍSAT nr.	38.22.00
Fulltrúi fyrirtækis	Ingbjörg Ólafsdóttir	Staðsetning	539772,657 576067,283

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar skil á skráningum og ein ábending var gerð er varðar merkingar á ílátum sem innihalda spilliefni.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í spilliefnamóttöku Terra Norðurlands ehf. Eftirlitsmaður skoðaði athafnasvæðið og í framhaldi var haldinn fjarfundur.

- Skoðunarferð um viðeigandi svæði.
- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Skráningar og mælingar, skýrslugjöf (gr. 5.1, 5.2 og 5.4)
- Tryggingar (gr. 2.13)
- Neyðaráætlun og viðbragðsáætlun (gr. 1.7. og 2.4)
- Síðasta eftirlitsskýrsla, útitandi frávik
- Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits

Í skoðunarferð um svæðið voru framkvæmdir vegna skýlis sem á að hýsa meðhöndlun spilliefna skoðaðar. Búið er að slá upp grind fyrir skýlinu og framkvæmdir því komnar vel á veg. Samhliða þessum framkvæmdum hefur fráveita frá spilliefnamóttöku og móttökustöð hefur verið aðskilin.

Umfang starfseminnar er óbreytt frá síðasta eftirliti en árlega er heimilt að taka á móti 600 tonnum af spilliefnum og 300 tonnum af raf- og rafeindatækjaúrgangi til flokkunar, þökkunar, annars frágangs og geymslu. Árið 2019 tók rekstraraðili á móti 173 tonnum af spilliefnum og 271 tonni af raf- og rafeindatækja úrgangi.

Ákveðið hefur verið að færa Terra Norðurland ehf. undir sömu kennitölu og Terra umhverfisþjónustu hf., í eftirlitinu var því komið á framfæri að vegna þessa þyrfti að sækja um breytingu á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar. Aðrar ákvarðanir um breytingar liggja ekki fyrir.

Rekstraraðili er með tryggingar í samræmi við kröfur starfsleyfis.

Neyðaráætlun og viðbragðsáætlun lágu fyrir í eftirliti.

Rætt var um niðurstöður seinasta eftirlits en unnið hefur verið eftir úrbótáætlun vegna útistandi fráviks frá gr. 5.3. í starfsleyfi þar sem gildi á olíu/fitu, súrefnisþörf (COD) og svifögnum (TSS) eru yfir losunarmörkum. Áætlun rekstraraðila var að aðskilja fráveitu spilliefnamóttöku og móttökustöð þannig að hægt væri að gera mælingar og efnagreiningar sérstaklega fyrir spilliefnamóttökuna sem starfsleyfi Umhverfisstofnunar tekur til. Þessum framkvæmdum hefur verið lokið en niðurstöður mælinga hafa ekki borist stofnuninni.

Áhættumat Umhverfisstofnunar fyrir Terra Norðurland var rætt, en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að byggja tíðni eftirlitsferða á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Í lok árs mun stofnunin síðan ryna heildrænt niðurstöður áhættumatsins og nota sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2021.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Gr. 5.1 og 5.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili hefur ekki skilað inn niðurstöðum eftirlitsmælinga sem eiga að berast Umhverfisstofnun fyrir 1. maí ár hvert.

ÁBENDINGAR

Tryggja skal í öllum tilfellum að flát sem innihalda spilliefni séu merkt með réttum hætti, m.a. með heiti innihaldsefnis og viðeigandi hættumerkingum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.12.2020

Steinunn Karlsdóttir
Steinunn Karlsdóttir